

Ed.

627. Frumvarp til laga

[317. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir,
Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

3. málsgr. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 11 1981) orðist svo:

Þó skal heimilt að fella niður að fullu tolla og aðflutningsgjöld af allt að 40 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nágildandi lögum er heimild til að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum árlega fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækja. Þar er miðað við ákveðna hámarksupphæð niðurfellingar, þ. e. allt að 24 þús. kr., sem gildi í samþykkt Alþingis 8. apríl 1981. Lögin gera ráð fyrir breytingum samkvæmt framfærsluvísitölu og er niðurfellingin nú 66 þús. kr.

Þetta er hin almenna heimild. Sérstök heimild er svo fyrir tvöfaldri þessari niðurfellingu til þeirra öryrkja sem verst eru staddir en geta þó ekið sérstaklega útbúinni bifreið. Sú heimild er bundin við allt að 40 bifreiðar árlega af heildartölunni 550 og er nú í niðurfellingu samtals 132 þús. kr. að hámarki.

Þessi upphæð er hverfandi miðað við það hversu stórar og um leið dýrar bifreiðar þessir aðilar þurfa að kaupa, annars vegar vegna hjólastóla sinna og hins vegar vegna margháttads aukabúnaðar eða almennt vandaðri búnaðar en gengur og gerist. Þessir aðilar, sem niðurfellingar njóta skv. hinni sérstöku heimild, þ. e. 132 þús. kr. eru í raun bundnir kaupum á bifreiðum sem skv. upplýsingum frá Öryrkjabandalaginu kosta frá 500–700 þús. kr. þegar allt er meðtalið og jafnvel meira. Allir vita hve aðflutningsgjöld og tollar eru stór hluti af verði bifreiða og skv. þessu frv. yrði því um verulega bót að ræða fyrir þessa verst settu öryrkja sem þó eiga möguleika á að komast allra sinna ferða í bifreið ef nógu vel er að öllu búið.

Flm. eru þó tilbúnir til þess að skoða allar leiðir til að auka þessar niðurfellingar þótt ekki yrði að fullu.

Hitt er augljóst að miðað við almennt verð bifreiða og möguleika þeirra rúmlega 500 aðila, sem árlega fá hina lægri heimild, til þess að fá ódýrari bifreiðar, þá er hlutfallsleg staða þeirra mun betri en hinna sem mest þurfa á að halda þótt þar sé í engu ofrausn heldur.

Brýnast er að leiðrétta hlut þeirra sem mestir eru öryrkjar og til þess verður að finna færa leið. Til þess að svo megi verða er frv. þetta flutt.